

- b) Fyrir leiðsögn um höfnina skal greiða hálf gjald samkvæmt lið a.
- c) Auk þess skal hvert skip, sem fær hafnsögumann, greiða kr. 1 230 í hafnsögusjóð.
- d) Fyrir að vera úti í skipum skal greiða kr. 28.000 fyrir hvern sólarhring þar til hafnsögumaður er kominn heim. Sama gjald greiðist, ef hafnsögumaður þarf að fara með skipinu til annarra hafna. Auk þess greiðist ferðakostnaður heim.

4. gr.

Gjöld samkvæmt vörugjaldskrá í 10. gr. skulu vera sem hér segir:

- 1. Fyrir vörur í 1. flokki kr. 517.00 fyrir hver 1000 kg.
- 2. Fyrir vörur í 2. flokki kr. 1 094.00 fyrir hver 1000 kg.
- 3. Fyrir vörur í 3. flokki kr. 3 025.00 fyrir hver 1000 kg.
- 4. Fyrir vörur í 4. flokki kr. 296.00 fyrir hvern rúmmetra.
- 5. Gjald skv. 5. flokki skal vera 0.85%.

Lágmarksgjald skal vera kr. 250.00.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 33 23. janúar 1979.

Samgönguráðuneytið, 14. janúar 1980.

Magnús H. Magnússon.

Ólafur S. Valdimarsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Vestmannaeyja,
nr. 120 4. mars 1975, sbr. 4. gr. reglugerðar nr. 89 3. febrúar 1977.

1. gr.

2. gr. orðist þannig:

Lestagjöld.

- a) Öll farmskip, önnur en strandferðaskip, og öll fiskiskip, stærri en eða jafnt og 400 brúttórúmlestir skulu greiða lestagjald, kr. 28.00 á brúttórúmlest.
- b) Strandferðaskip og skemmtiferðaskip greiði kr. 14.00 á brúttórúmlest.
- c) Innland fiskiskip undir 400 brúttórúmlestum greiði kr. 28.00 á brúttórúmlest, þó ekki oftari en tvisvar í mánuði.
- d) Bátar minni en 10 brúttórúmlestir greiði lestagjald einu sinni á ári kr. 1 900.00 á brúttórúmlest, þó aldrei minna en kr. 9 500.00.

Gjalddagi er 1. apríl eða eftir að skipið hefur verið gert út frá höfninni í þrjá mánuði.

Undanþegin greiðslu lestagjalds eru herskip, varðskip, og skip, sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna, svo og skip, sem leita hafnar vegna sjóskaða eða til að láta í land sjúka menn eða látna, svo fremi þau hljóti ekki aðra þjónustu.

2. gr.

3. gr. orðist þannig:

Bryggjugjöld.

Öll skip, sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka skulu greiða kr. 14.00 á brúttórúmllest fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, sem skipið liggur bundið.

Fiskiskip greiða þetta gjald eigi oftari en 10 sinnum á mánuði, en bátar minni en 10 brúttórúmllestir greiða ekki bryggjugjöld.

Heimilt er að taka lesta- og bryggjugjald af fiskiskipum minni en 400 brúttórúmllestir, sem árgjald í heimahöfn, kr. 1530.00 af hverri brúttórúmllest.

Gjalddagi árgjalda er 1. apríl ár hvert.

Skip þau, er getur í síðustu mgr. 1. gr. eru undanþegin bryggjugjaldi.

3. gr.

5. gr. orðist þannig:

Hafnsögugjöld skulu greidd samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá:

- a) Fyrir leiðsögn til hafnarinnar, að bólvirki eða lægi, kr. 5 650.00 fyrir hvert skip, auk kr. 14.00 fyrir hverja brúttórúmllest. Fyrir leiðsögn frá bólvirki eða lægi og úr höfninni greiðist sama gjald.
- b) Fyrir leiðsögn um höfnina skal greiða hálf gjald samkvæmt lið a.
- c) Auk þess skal hvert skip, sem fær hafnsögumann, greiða kr. 1 230 í hafnsögusjóð.

4. gr.

Gjöld samkvæmt vörugjaldskrá í 10. gr. skulu vera sem hér segir:

1. Fyrir vörur í 1. flokki kr. 517.00 fyrir hver 1000 kg.
2. Fyrir vörur í 2. flokki kr. 1 094.00 fyrir hver 1000 kg.
3. Fyrir vörur í 3. flokki kr. 3 025.00 fyrir hver 1000 kg.
4. Fyrir vörur í 4. flokki kr. 296.00 fyrir hvern rúmmetra.
5. Gjald skv. 5. flokki skal vera 0.85%.

Lágmarksgjald skal vera kr. 250.00.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 34 23. janúar 1979.

Samgönguráðuneytið, 14. janúar 1980.

Magnús H. Magnússon.

Ólafur S. Valdimarsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Grindavíkur
nr. 182 25. apríl 1975.

1. gr.

2. gr. orðist þannig:

Lestagjöld.

- a) Öll farmskip, önnur en strandferðaskip, og öll fiskiskip, stærri en eða jafnt og 400 brúttórúmllestir skulu greiða lestagjald, kr. 28.00 á brúttórúmllest.